



Fundargerð

Stjórn VJP - 133. fundur stjórnar VJP haldinn í Végarði Fljótsdalshreppi og í fjarfundi, mánudaginn 16. september 2019, kl. 14:00.

Fundinn sátu:

Guðrún Áslaug Jónsdóttir formaður, Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Erlingur Freyr Jensson varamaður, Eyrún Arnardóttir aðalmaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarféлага, Sævar Þór Halldórsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri, Ingibjörg Smáradóttir sérfræðingur á skrifstofu.

1. Svæðisráð vestursvæðis - 76 - 1908003F

Formaður svæðisráðs vestursvæðis fór yfir fundargerð vestursvæðis

2. Rekstur 2019 - 1908028

Fyrir fundinum lágu fyrir upplýsingar um rekstur stofnunarinnar janúar til og með júlí, bráðabirgðaruppgjör miðað við stöðu bókhalds 12.9 sl.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri – 15 mín

Fjármálastjóri kynnti stöðuna í rekstri þjóðgarðsins eftir fyrstu átta mánuðina. Almenn er reksturinn í góðu samræmi við samþykktu rekstraráætlun ársins 2019 en sértekjur hafa þó dregist saman sem taka þarf tillit til í rekstrinum fram til næstu áramóta með aðhaldi og frestun einhverra verkefna.

3. Tímaáætlun vegna rekstraráætlunar ársins 2020 - 1909003

Fyrir fundinum lá tímaáætlun vegna vinnu við rekstraráætlun 2020

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri – 10 mín

Framkvæmdastjóri kynnti tímaáætlun vegna vinnu við rekstraráætlunar 2020 þar sem gert er ráð fyrir víðtæku samstarfi stjórnenda þjóðgarðsins. Fjárlagafrumvarp 2020 var birt þann 5. september sl. og er gert ráð fyrir að tillaga að rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðagarðs verði kynnt fyrir svæðisráðum dagana 10.-11. október og til samþykktar á fundi stjórnar þann 14. október. Lokaskil rekstraráætlunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og inn í áætlunarkerfið Akra eru 15. október nk.

4. Þriggja ára áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2020 - 2022 - 1909004

Fyrir fundinum til kynningar þriggja ára áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs

Framkvæmdastjóri kynnti þriggja ára áætlun Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem talin eru upp helstu málaflokkar, meginmarkmið og árangursmælikvarðar. Stjórn staðfestir þriggja ára áætlunina og hefur hún þegar verið send umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

5. Leyfisveitingar og akstur utanvega innan þjóðgarðs - 1908005

Fyrir fundinum lá bréf frá UAR og minnisblað um starfsemi þjóðgarðsins

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann hafi átt fund með lögfræðingi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vegna málsins. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið mun skoða álitæfni vegna tjöldunar- og utanvegaaksturs í tengslum við önnur verkefni sem unnið er að í ráðuneytinu.

6. Leigusamningur við Ástjörn - 1805018

Fyrir fundinum lágu samningsdrög við Sumarbúðirnar Ástjörn

Stjórn staðfestir samninginn en leggur áherslu á að á samningstímanum verði mörkuð stefna um nýtingu þess svæðis sem leigt er.

7. Hildibrand slf. - beiðni um leyfi til rekstur veitingavagns við Dettifoss - 1909016

Fyrir fundinum lá beiðni um veitingavagn við Dettifoss

Stjórn óskar eftir að svæðisstjórn norðursvæðis veiti umsögn um beiðnina.

8. Vinna við skipurit og stefnumótun fyrir Vatnajökulspjóðgarð - 1909005

Fyrir fundinum lá tillaga að vinnuáætlun vegna skipurits og stefnumótunar

Framkvæmdastjóri kynnti vinnuáætlun við að móta stefnu, framtíðarsýn og stjórnskipulag Vatnajökulspjóðgarðs til næstu ára. Sérstakur ráðgjafi mun vinna með framkvæmdastjóra að verkefninu og er gert ráð fyrir góðu samráði við starfsfólk, stjórn og svæðisráð. Áætlun verklok eru vorið 2020. Stjórn leggur áherslu á gott samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneyti vegna fyrirhugaðrar vinnu við skipurit og stefnumótun Vatnajökulspjóðgarðs.

9. Gjaldtaka innan Vatnajökulspjóðgarðs - 1905020

Á fundi þann 26. júní sl. óskaði stjórn Vatnajökulspjóðgarðs eftir því að framkvæmdastjóri myndi leggja fram tillögur að forsendum gjaldtöku á fleiri svæðum innan Vatnajökulspjóðgarðs.

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri – 15 mín

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um forsendur frekari innheimtu svokallaðra svæðisgjalda á fleiri svæðum þjóðgarðsins en þegar fer fram slík innheimta með góðum árangri í Skaftafelli.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs þakkar fyrir góða greinargerð um mögulega gjaldheimtu með svæðisgjöldum í formi þjónustugjalda á nokkrum svæðum innan þjóðgarðsins. Stjórn leggur áherslu á að frekari gjaldheimta sé mikilvæg til að tryggja fé til reksturs mikilvægra áfangastaða innan þjóðgarðsins en að slík gjaldtaka hefjist ekki fyrr en uppbygging grunninnviða eins og salerna og bílastæða hafi átt sér stað eða þar sem þörf er á aukinni þjónustu vegna fjölda gesta.

Stjórn óskar eftir því að svæðisráð þjóðgarðsins veiti umsögn um efni minnisblaðsins.

10. Burðarþolsrannsóknir innan VJÞ - 1905022

Stjórn óskar eftir að fá inn á fund fræðslu og/eða kynningu um burðarþols- og upplifunarrannsóknir á ferðamannastöðum.

Umfjöllun frestað til næsta fundar stjórnar þar sem ekki hefur unnist tími til að undirbúa þetta mál.

11. Skýrsla framkvæmdastjóra - 1808006

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni frá síðasta stjórnarfundum

Fundargerð ritaði: Ingibjörg Smáradóttir, fundarritari.

Fundi slitið kl. 17:00.